

## Fundargerð

Mánudaginn 11. október 2010 kl. 10:30 var fundur haldinn í stjórn Byggðasamlags um menningar og atvinnumál í A-Hún., á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar. Á fundinn voru mættir: Adolf H. Berndsen, Kári Kárason, Vignir Á. Sveinsson, Þóra Sverrisdóttir og Arnar Þór Sævarsson sem ritar fundargerð.

Adolf H. Berndsen, formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

### Dagskrá:

- 1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010**
- 2. Bréf frá Vinum Kvennaskólans dags. 20. ágúst 2010**
- 3. Bréf frá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna frá 20. júní 2010**
- 4. Erindi til fjárlaganefndar**
- 5. Málefni HSB**
- 6. Tilnefningar í stjórn:**
  - a) Byggðasafnsins á Reykjum**
  - b) Heimilisiðnaðarsafnið**
  - c) Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra**
- 7. Önnur mál**

### Afgreiðslur:

**1. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010**

*Fjármálastjóri Blönduósbæjar fór yfir endurskoðaða fjárhagsáætlun 2010.*

*Fjármálastjóra falið að gera breytingar á áætluninni í samræmi við athugasemdir sem fram komu.*

**2. Bréf frá Vinum Kvennaskólans dags. 20. ágúst 2010**

*Óskað er eftir að Vinir Kvennaskólans fái til umráða viðbótar herbergi í Kvennaskólanum undir sína starfsemi.*

*Stjórn byggðasamlagsins felur framkvæmdastjóra að koma á fundi með með fulltrúum Vina Kvennaskólans.*

**3. Bréf frá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna frá 20. júní 2010**

*Á fundi stjórnar Byggðasafns Húnavetninga og Strandamanna þann 18. júní sl. var fjallað um skuld sem kemur fram í ársreikningi safnsins, hluti skuldarinnar eða 1.449.500 kr. af 1.877.673 kr. er gömul skuld sem var stofnað til vegna viðhalds á safninu um og fyrir árið 2001.*

# Byggðasamlag um menningu og atvinnumál í A-Hún.

---

*Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við formann stjórnar byggðasafnsins til að fá nánari upplýsingar um málið.*

## **4. Erindi til fjárlaganefndar**

*Framkvæmdastjóri sendi á fjárlaganefnd umsókn um styrk fyrir árið 2011 til framkvæmda við Kvennaskólann.*

*Umsóknin lögð fram til kynningar.*

## **5. Málefni HSB**

*Málefni HSB voru rædd.*

*Fyrirhugað er að halda íbúafund á Blönduósi þriðjudaginn 12. október n.k.*

## **6. Tilnefningar í stjórn:**

### **a) Byggðasafnsins á Reykjum**

*Stjórn byggðasamlagsins tilnefnir sem aðalmann Björn Magnússon, Húnavatnshrepp og varamaður er Jón Aðalstein Snæbjörnsson*

### **b) Heimilisiðnaðarsafnið**

*Stjórn byggðasamlagsins tilnefnir eftirfarandi aðila:*

**Aðalmenn:** Valgeir Karlsson, Skagabyggð, Þóra Sverrisdóttir, Húnavatnshreppi, Heiðrún Bjarkadóttir, Blönduósi

**Varamenn:** Jón Ólafur Sigurjónsson, Sveitarfélagið Skagaströnd, Valgerður Soffía Gísladóttir, Blönduósi, Magnús Sigurðsson, Húnavatnshreppi.

### **c) Heilbrigðiseftirlitsnefnd Norðurlands vestra**

*Stjórn byggðasamlagsins tilnefnir eftirfarandi aðila:*

*Aðalmaður: Valgerði Gísladóttur, Blönduósi*

*Varamaður: Halldór Ólafsson, Sveitarfélaginu Skagaströnd*

## **7. Önnur mál**

*Engin önnur mál*

*Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 12:00*